

Mál nr. 19/2011

Ár 2012, þriðjudaginn 3. apríl var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík. Fyrir var tekið mál nr. 19/2011

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I Málsmæðferð siðanefndar

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 3. október 2011 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða Y hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para rakkann XX við tíkina YY án þess að rakkinn og tíkin hefðu gild augnvottorð. Kæran var send kærðu Y til umsagnar með bréfi dagsettu 4. október 2011 og henni gefinn andmælafrestur til 1. nóvember. Hinn 1. nóvember móttók siðanefnd svarbréf kærðu Y og var afrit af því sent kæranda X til umsagnar. Kærandi X svaraði ekki efnislega en óskaði eftir því að haldið yrði áfram með málið. Var þá boðaður sáttafundur með málsaðilum hinn 13. desember þar sem málsaðilar reifuðu sín sjónarmið. Ekki komu fram frekari andmæli og ekki náðust sættir með aðilum. Þar sem siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu hefðu komið fram í málinu þá ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði var rakkinn XX paraður við tíkina YY hinn 29. september 2010 bæði rakkinn og tíkin eru í eigu kærðu Y. Hundarnir eru af kyninu dvergschnauzer. Við pörunina voru hvorki rakkinn XX né tíkin YY með gild augnvottorð. Kærandi X telur að með pöruninni hafi kærða Y brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Kærða Y svaraði því til að pörunin hafi ekki verið skipulögð heldur hafi hún verið „slys“. Eftir pörunina hafi verið farið með hundana í augnskoðun við fyrsta tækifæri sem bauðst, en það var 20. nóvember 2010. Rakkinn og tíkin hafa staðist augnskoðun áður.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið dvergschnauzer:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.03.2007). Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 20.01.2010).

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun fór fram hinn 29. september 2010 voru rakkinn XX og tíkin YY ekki með gild augnvottorð. Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu dvergschnauzer skal augnskoðun hafa farið fram og má vottorðið ekki vera eldra en 18 mánaða hjá undaneldishundum. Augnvottorðið er því eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærða Y því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærða Y hefur gefið þá skýringu að pörunin hafi ekki verið ásetningur heldur hafi hún verið slys og að farið hafi verið með hundana í augnskoðun strax og því var við komið. Siðanefnd telur það þó ekki breyta

brotinu að hundarnir hafi staðist augnskoðun eftir. Reglan hljóðar á um að vottorð liggi fyrir við pörun þannig að tryggt sé að hundarnir beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm. Þá er það alfarið á ábyrgð eigenda að hundar parist ekki fyrir slysi.

IV Niðurstaða

Kærða Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða Y er áminnt

f.h. siðanefndar

Sign: Herdís Hallmarsdóttir, Hilmar Sigurgíslason, Kristín Sveinbjarnardóttir